

Búnaðarsamtök Vesturlands



Ársskýrsla 2012

Skýrslur starfsmanna 2012
Reikningar 2012

Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2012

Á síðasta ári var rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gerður upp með tapi upp á kr. 2.746.181.- Það er engin ein megin ástæða fyrir þessari rekstrarniðurstöðu en hins vegar er það íhugunarvirði, þegar samtök eins og okkar, sem rekin eru á félagslegum grunni og hafa því ekki þann tilgang að „græða“ pening, eru skoðuð þá eru fjárhagsáætlanir okkar alltaf varkárar og gera ekki ráð fyrir miklum tekjuafgangi. Þá verður um leið lítið þol fyrir því ef eitthvað óvænt kemur upp á, t.d. getur ein óvænt viðgerð á bíl sett þann lið fjárhagsáætlunar úr skorðum og þá þarf að bæta það upp annars staðar.

Starfsemi BV var með hefðbundnu sniði á síðasta ári og urðu stjórnarfundir 7 talsins. Þetta ár litaðist þó óhjákvæmilega mikið af endurskoðuninni á leiðbeiningarþjónustunni. Stjórn BV og starfsfólk funduðu með Ágústi Þorbjörnssyni hjá ráðgjafarfyrirtækinu Framsækni ehf, hann fór á allar starfstöðvar búnaðarsambanda og talaði við stjórnarmenn og ekki síst starfsfólk, til að reyna að kalla fram allar hugmyndir og skoðanir fólks í þessu stóra máli.

Ég fór á 2 fundi með formönnum búnaðarsambanda á haustmánuðum, haldinn var formannafundur BV, þar sem búnaðarþingsfulltrúum á starfsvæðinu var jafnframt boðið. Umfjöllunarefnið á öllum þessum fundum voru breytingar á leiðbeiningarþjónustunni.

Stjórn og starfsfólk BV sat saman bráðskemmtilegt námskeið hjá Jóhanni Inga sálfræðingi, sem hann kallaði Árangursrík liðsheild.

Í tengslum við framkvæmdastjóraskiptin sat stjórn starfsmannafund BV í ágúst síðastliðnum.

Á aukabúnaðarþingi sem haldið var 29. október sl. var samþykkt að stofna eitt fyrirtæki um alla ráðgjafarþjónustu í landinu. Megintilgangur hins nýja félags er að allir bændur landsins eigi kost á sambærilegri ráðgjöf af sömu gæðum, óháð búsetu. Jafnframt að skapa ráðunautum eftirsóknarverðar og góðar starfsstöður með tækifærum á að nýta sína sérþekkingu og stunda þannig öfluga leiðbeiningarþjónustu fyrir bændur.

Kosin var stjórn fyrir hið nýja fyrirtæki og í henni voru Guðbjörg Jónsdóttir frá Læk, Sveinn Sæland frá Espiflöt, Guðmundur Bjarnason frá Svalbarði og ég. Stjórnarformaður er framkvæmdastjóri BÍ á hverjum tíma og nú er það Eiríkur Blöndal. Jafnframt starfaði varastjórn félagsins með aðalstjórninni fram til búnaðarþings 2013, í henni voru Guðrún Lárusdóttir frá Keldudal, Björn Halldórsson frá Akri, Sindri Sigurgeirsson frá Bakkakoti og Jóhannes Sveinbjörnsson frá Heiðarbæ.

Mikið starf fór fram þessar næstu vikur enda skyldi félagið, sem fékk nafnið Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarsins ehf, hefja rekstur 1. janúar 2013.

Ráðið var í stjórnendastöður í lok desember og var Karvel L. Karvelsson ráðinn framkvæmdastjóri. Á nýju ári fluttust aðrir starfsmenn yfir í hið nýja fyrirtæki með því að RML, yfirtók ráðningarsamninga þeirra frá búnaðarsamböndunum og Bændasamtökum Íslands. Nú í dag eru um 50 starfsmenn starfandi á vegum RML á starfstöðvum út um allt land. RML leigir bæði bíla og starfsaðstöðu af búnaðarsamböndunum.

Búnaðarsamtök Vesturlands leigja nú út meiripart skrifstofuhúsnæðis síns, eða 10 starfstöðvar. Varðandi bílamálin þá er það ljóst að með tíð og tíma mun RML kaupa sína bíla sjálf og því mun fækka í bílaflota BV þegar fram líða stundir. Auðvitað fylgir öllum breytingum óvissa og óöryggi en þegar allir vinna saman af fullum heilindum er hægt að leysa úr öllum málum. Í breytingum felast líka tækifæri, ekki bara fyrir nýtt fyrirtæki, heldur einnig fyrir búnaðarsamböndin og Bændasamtökin sem nú standa frammi fyrir breyttum áherslum í starfsemi sinni. Óneitanlega hefur leiðbeiningarþjónustan verið mjög ráðandi þáttur í allri starfsemi búnaðarsambandanna og nú er það okkar að marka okkur braut til framtíðar. Þáttur í því er tillaga sem kynnt verður hér síðar í dag og fjallar um vinnuvernd og áhættumat á bændabýlum. Einnig er starfandi samstarfshópur á vegum búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands um félagsstarfið og verkefni sem eftir eru. Skal þessi nefnd skila af sér

fyrir árslok 2013. Skulu niðurstöður nefndarinnar teknar til umræðu á Búnaðarþingi 2014 og aðalfundum allra búnaðarsambanda. Fyrir okkar hönd situr Guðmundur Sigurðsson í nefndinni. Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannamálum á síðasta starfsári og ber þar fyrst að nefna að framkvæmdastjóraskipti urðu í ágúst 2012. Sigríður Jóhannesdóttir sagði starfi sínu lausu í byrjun júlí þar sem hún og fjölskylda hennar ákváðu að flytja á Gunnarsstaði og hefja þar sauðfjárbúskap. Hún hafði verið í fæðingarorlofi fyrrihluta ársins og kom í júlí til að ganga frá málum sem þörfuðust úrlausna áður en hún hætti störfum í lok mánaðarins. Á meðan á fæðingarorlofi hennar stóð gegndi Helga Halldórsdóttir störfum framkvæmdastjóra, ásamt því að ég var til taks ef á þurfti að halda.

Um miðjan ágúst réðum við til starfa nýjan framkvæmdastjóra, Guðmund Sigurðsson, hann kom í tæplega 50% starf. Helga sá um dags daglega stjórnun á skrifstofu og starfsfólki.

Í byrjun janúar urðu svo stóru umskiptin í starfsmannamálunum þegar allir ráðunautar ásamt 2 af skrifstofunni fluttust yfir í RML. Fyrst ber að geta þess að Helga Halldórsdóttir skrifstofustjóri sótti um starf verkefnisstjóra þróunar og samskipta hjá RML og fékk hún þá stöðu. Fimm ráðunautar fluttust yfir, Árni B. Bragason, Friðrik Jónsson, Lárus Birgisson, Lena Reiher og Sigurður Jarlsson. Einnig fluttist Oddný Kristín Guðmundsdóttir yfir í skrifstofustarf hjá RML.

Eftir á skrifstofunni hjá BV eru Torfi Bergsson, Ingveldur Ingibergsdóttir, Guðmundur Hallgrímsson og Guðmundur Sigurðsson. Áfram rekum við sæðingarstöðvarnar okkar í nautgriprækt og sauðfjárrækt eins og verið hefur og hafa engar breytingar orðið í starfsmannahaldi þar. Bókhaldsþjónustan okkar á góðu róli og eru í dag á milli 70-80 viðskiptavinir þar. Hitann og þungan af daglegum rekstri skrifstofunnar bera nú Ingveldur og Torfi. Öllu þessu góða fólki þakka ég fyrir hönd okkar bænda á Vesturlandi, ákaflega gott og farsælt samstarf, um leið og ég óska þeim velfarnaðar í nýjum störfum. Mig langar að þakka Sigríði fráfarandi framkvæmdastjóra, sérstaklega gott og ánægjulegt samstarf og óska henni og fjölskyldu hennar alls hins besta í nýjum störfum í Pistilfirði. Skrifstofustjóranum okkar, henni Helgu, óska ég farsældar í nýju starfi um leið og ég þakka langt og farsælt starf hennar í þágu bænda á Vesturlandi öllu.

Við breytingu þá sem varð um áramót þá féllu í raun úr gildi samstarfssamningar okkar við bæði Kjalnesinga og Vestfirðinga. Við höfum þegar gert nýjan samning við Vestfirðinga og erum í viðræðum við Kjalnesinga. Ég tel að það sé mikilvægt að við höldum áfram að starfa saman og þó að landslagið sé breytt þá hafa búnaðarsamböndin ennþá lögbundnum verkefnum að gegna og við eigum að vera öflugur hagsmunagæsluaðili fyrir bændur, kannski hefur það hlutverk fallið dálítið í skuggann á síðustu árum.

Samningar okkar við Kjalnesinga og Vestfirðinga eru gerðir með fyrirvara um samþykki aðalfunda beggja aðila. Síðar í dagskránni mun ég kynna samninginn við Vestfirðinga og leita samþykkis ykkar fyrir honum.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf, sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsfólki mínu í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Um leið og ég þakka framkvæmdastjóra Guðmundi Sigurðssyni fyrir ánægjulegt samstarf, býð ég hann hjartanlega velkominn aftur til starfa hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Bændur á Vesturlandi hafa áratuga langa reynslu af góðu samstarfi við hann.

Syðri-Knarrartungu, 9. apríl 2013

Guðný H. Jakobsdóttir

Yfirlit yfir starfsemi Búnaðarsamtaka Vesturlands árið 2012

Á árinu 2012 starfaði ég sem framkvæmdarstjóri Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) og ráðunautur frá og með 20. ágúst, starfshlutfall mitt var 50%. Megin hluti starfsins fólst í framkvæmdarstjórn BV, umsjón með rekstri, fundarsetu og starfsmannahaldi. Töluverður tími starfs míns var vegna yfirtöku RML á leiðbeiningarþjónustunni. Önnur vinna sem ég kom að var ýmiss konar samningagerð fyrir bændur, aðstoð við aðilaskipti á greiðslumarki, úttektir og umsóknir vegna Bjargráðasjóðs og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þá kom ég aðeins að lambamælingum í haust og að ýmsum öðrum störfum sem ráðunautur.

Starfsfólk Búnaðarsamtaka Vesturlands 2012

Á árinu 2012 störfuðu auk mín fyrir samtökin fjöldi starfsmanna, sumir í fullu starfi og aðrir í hlutastarfi, ennfremur allnokkrir verktakar.

Anton Torfi Bergson, forðagæsli, frjótæknir, sauðfjársæðingarstöð, bókhald og fleira.

Árni B. Bragason, ráðunautur.

Árni K. Sigurvinsson, frjótæknir, hlutastarf.

Ásgeir Sveinsson, frjótæknir, verktaki í afleysingum.

Ásbjörn Pálsson, frjótæknir.

Birna Tryggvadóttir, vinna við lambamælingar og kynbótasýningar í hrossarækt.

Birta Sigurðardóttir, vinna við lambamælingar

Brynjar Hildibrandsson, verktaki í forðagæslu, hlutastarf.

Daníel Ottesen, starfsmaður í forðagæslu, hlutastarf.

Elva Björk Jónmundsdóttir, frjótæknir, afleysingar.

Friðrik Kr. Jónsson, ráðunautur.

Guðmundur Hallgrímsson, klaufskurður, brunavarnarverkefni og sauðfjársæðingarstöð.

Guðrún Fjeldsted, verktaki í forðagæslu, hlutastarf.

Guðrún Sigurjónsdóttir, verktaki í bændabókhaldi.

Helga Halldórsdóttir, skrifstofustjóri.

Hörður Grímsson, frjótæknir, verktaki í Saurbæ og A- Barð.

Ingveldur H. Ingibergsdóttir, bókhald, rekstraráætlanagerð og almenn skrifstofustörf.

Kristín Gunnarsdóttir, starfsmaður í forðagæslu, hlutastarf.

Kristján Högni Jónsson, frjótæknir á norðanverðum Vestfjörðum.

Kristján Jónsson, ráðunautur, kom að lambamælingum á Vestfjörðum.

Lárus G. Birgisson, ráðunautur.

Lena Reiher, ráðunautur.

Magnús Agnarsson, frjótæknir.

Oddný Kristín Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur, hlutastarf.

Sigríður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri, lét af störfum á árinu.

Sigvaldi Jónsson, búfræðingur, vinna við lambamælingar.

Sigurður Jarlsson, ráðunautur.

Svanborg Einarsdóttir, ráðunautur, vinna við lambamælingar.

Þorvaldur Ingi Árnason, kom að starfi sauðfjársæðingastöðvar í desember.

Þorvaldur Jónsson, frjótæknir.

Þorvaldur Þórðarson, ráðunautur, lambamælingar á Vestfjörðum, hlutastarf.

Rekstur, fjárfestingar

Helga Halldórsdóttir annaðist bókhald BV greiddi reikninga og sá um launabókhald. Rekstartekjur BV árið 2012 voru 5.515.722 kr. minni en árið 2011 sem er aðallega vegna lækkunar á starfsfé, en útseld vinna jókst um 5.546.803 kr. Tap var á rekstri BV uppá 2.746.181 kr. Laun og starfsmannakostnaður lækkar aðeins á milli ára og er það meðal annars

vegna þess að áunnið orlof færist til RML með flutningi hluta starfsmanna yfir í það félag. Á árinu voru tveir nýir sæðingabílar keyptir af gerðinni Skoda Yeti og einn Ford pickup til að draga klaufskurðarbásinn og eins til flutninga á hrútum fyrir Sauðfjársæðingastöðina. Seldir voru Nissan jepplingur og tveir Subaru Forester bílar, annar vegna tjóns og var keyptur af tryggingunum. Smásjá var keypt fyrir Sauðfjársæðingastöðina og ómsjá fyrir lambamælingar, styrkir fengust til kaupanna. Ein fartölva var keypt á árinu. Gerð verður grein fyrir reikningnum á fundinum.

Rekstrartekjur	Raun 2012	Áætlun 2012
Seld þjónusta	80.718.281	77.339.331
Starfsfé	53.210.663	55.197.370
	133.928.944	132.536.701
Rekstrargjöld		
Rekstrarvörur	16.255.544	15.331.180
Laun og launatengd gjöld	78.626.773	77.701.690
Bifreiða- og ferðakostnaður	17.398.760	18.574.365
Annar rekstrarkostnaður	17.511.984	12.425.511
Afskriftir	5.542.260	6.575.842
	135.335.321	130.608.587
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.406.377)	(1.928.114)
Afkoma dótturfélags	48.420	-20.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.659.594)	(1.200.000)
Hagnaður (tap) ársins	(2.746.181)	748.114

Bréf til bænda á Vesturlandi, heimasíða BV og netfangalisti

Árið 2012 voru gefin út 9 fréttabréf. Fréttabréfinu er dreift á hvert lögbýli á öllu starfsvæði BV. Í fréttabréfinu er komið á framfæri helstu auglýsingum og tilkynningum auk þess sem við vekjum athygli á ýmsum fróðleik með vísan í frekara lesefni á netinu. Fréttabréfið er aðgengilegt á heimasíðu BV. Samhliða útgáfu á fréttabréfinu heldur BV úti heimasíðunni www.buvest.is. Reynt er að viðhalda netfangalisti BV. Netfangalisti BV er dýrmæt leið fyrir okkur til að koma upplýsingum til bænda. Aukin netvæðing bænda á starfsvæðinu gerir okkur kleift að nýta þessa leið til að virkja okkar félagsmenn og miðla til þeirra upplýsingum. Viðhald netfangalistans og virk heimasíða BV er því mikilvægur þáttur í að tryggja góða boðleið til bænda.

Leiðbeiningarþjónustan

Leiðbeiningarþjónusta BV hefur verið hornsteinn í starfsemi BV. Á undanförunum árum hefur hún sífellt verið að eflast og hefur komið að ýmsum verkefnum, þar má nefna rekstarráðgjöf, leiðbeiningar í nautgripa- sauðfjár- og hrossarækt. Ásamt sýningarhaldi í þessum greinum. Leiðbeiningar í jarðrækt og garðyrkju. Átak hefur verið gert í fódurleiðbeiningum í nautgriparækt og skýrsluhald í sauðfjár- og nautgriparækt eftl.

Lesið má nánar um þessa starfsemi í starfsskýrslum starfsmanna og meðfylgjandi töflum.

Nautgripasæðingar BV

Sömu frjótækna sá um nautgripasæðingarnar á vegum BV og undanfarin ár. (Sjá starfsmannalista hér að framan) Halli varð á rekstri nautgripasæðinganna uppá rúmar 4 milljónir sem skýrist í meiri hækkun á rekstarkostnaði en gert var ráð fyrir og eins vegna slysa sem starfsmenn urðu fyrir í starfi, sem kallaði á fleiri afleysingarmenn með tilheyrandi kostnaði. Sæðingum fækkaði milli ára um 258. Nauðsynlegt er að fara vel yfir nautgripasæðingarnar og leita leiða til að ná niður kostnaði án þess að hækka sæðingargjöld umfram eðlilegar hækkanir. Sjá töflur um sæðingarstarfsemina.

Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands

Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands var starfrækt líkt og undanfarin ár. Lárus G. Birgisson hefur séð um daglegan rekstur stöðvarinnar og fóðrun á hrútunum. Aðrir starfsmenn sem komu að vinnu á sauðfjársæðingastöð við sæðistöku voru Anton Torfi Bergsson, Þorvaldur I. Árnason, Ingveldur H. Ingibergsdóttir og Guðmundur Hallgrímsson. Sæðingarmenn í nautgripasæðingum komu að útkeyrslu á sauðfjársæði samhliða nautgripasæðingum. Stöðin skilaði hagnaði uppá 1.278.954 kr. sem kemur til góða þar sem komið er að nokkru viðhaldi á stöðinni.

Í töflu má sjá upplýsingar um notkun á sæði og fleiri upplýsingar um stöðina.

Úttektir jarðabóta og túnakortagerð

Sigurður Jarlsson, og Friðrik Jónsson sá um úttektir jarðabóta. Túnakortagerðin var alfarið í höndum Sigurðar Jarlssonar og hefur talsverð aukning verið í túnakortagerðinni.

DNA greining

Þorvaldur Jónsson hefur séð um að taka DNA sýni úr hrossum á svæðinu.

Búfjáreftilit

BV sá um búfjáreftilit á búfjáreftilitssvæðum 4, 5, 6, og 8.eins og undanfarin ár. Dalabyggð, svæði 7, og Vesturbyggð, svæði 9, bættist við á árinu. Anton Torfi Bergsson hefur umsjón með búfjáreftilitinu. Þeir sem komu að búfjáreftilitinu á sl. ári með honum voru Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Fjeldsted, Daníel Ottesen, Brynjar Hildibrandsson, Árni B. Bragason, Friðrik Jónsson, og Lárus G. Birgisson. Starfsmenn BV fóru í nokkrar heimsóknir ásamt héraðsdýralækni.

Klaufskurðarbás

Guðmundur Hallgrímsson sá um klaufskurðinn líkt og undanfarin ár. Kýr voru klaufsnýrtar á starfssvæði BV, hjá Búnaðarsambandi Húnaþings- og Stranda og á starfssvæði Leiðbeiningarmiðstöðvarinnar í Skagafirði. Sjá skýrslu Guðmundar.

Brunavarnarverkefnið

Brunavarnarverkefninu var sinnt hjá þeim sveitarfélögum sem eftir voru í verkefninu. Fleiri sveitarfélög hafa ekki bæst í hópinn. Sjá skýrslu Guðmundar.

Bókhaldsþjónusta BV ehf

Öll bókhaldsþjónusta s.s. launauppgjör, vsk uppgjör, bókun og skattauppgjör er unnin á vegum BBV. Ingveldur H Ingibergsdóttir og Anton Torfi Bergsson hafa haft umsjón með bókhaldsþjónustunni.

Sheepskills

Búnaðarsamtök Vesturlands hafa verið virkir þátttakendur í verkefninu Sheepskills sem er fjölþjóðlegt verkefni tengt sauðfjárrækt á vegum LbhÍ. Árni B. Bragason hefur að mestu komið að þeirri vinnu fyrir hönd BV og á árinu kom hann að skrifum í bók fyrir sauðfjábændur.

Heimsóknir

Norskir bændur komu í heimsókn til BV 31. maí. Starfsmenn BV kynntu þeim starfsemina.

Fundir

Starfsmenn BV mættu á ýmsa fundi varðandi starfið hjá búnaðarfélögunum, búfjárræktarfélagunum og hjá Bændasamtökum Íslands. Flestir starfsmenn BV mættu á fund á vegum BÍ þar sem fjallað var um breytingar á leiðbeiningarþjónustunni á haustdögum og á Ráðunautafund BÍ.

Kennsla og námskeið

Búnaðarsamtökin buðu starfsmönnum sínum uppá námskeiðið „Árangursrík liðsheild“ sem var í umsjón Jóhanns Inga Gunnarssonar sálfræðings. Líkt og undanfarin ár komu starfsmenn BV að kennslu og námskeiðum þar sem þess var óskað. Námskeið var í jörd.is og dkBúbót á vegum BV og starfsmenn BV tóku að sér kennslu og fyrirlestra hjá LbhÍ.

Breytingar um áramót 2012-2013.

Um áramótin 2012-2013 fluttist öll leiðbeiningarþjónustan yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sem varð til þess að starfsfólki hjá BV fækkaði verulega og starfsemi BV varð minni en áður. Eftir eru frjótækna og 3,5 starfsmaður eftir hjá BV. Verkefni sem eftir verða hjá BV eru nautgripasæðingar, rekstur Sauðfjársæðingarstöðvar Vesturlands, rekstur á klaufskurðarbás, úttektir jarðabóta, úttektir vegna Bjargráðasjóðs og Framleiðnisjóðs, rekstur Bókhaldsþjónustu BV ehf, ýmis aðstoð við bændur og önnur verkefni sem BV kann að taka upp. BV leigir húsnæði til RML alls 10 starfsstöðvar, sem hjálpar BV að reka húsnæðið og hafa tekjur af því. Með tilkomu RML verður aukning á starfseminni á Hvanneyri sem á eftir að styrkja leiðbeiningar á starfsvæði BV ekki síst þar sem fyrir var búið að byggja upp öfluga starfsemi sem RML tekur nú yfir. Von mín er að starfsemi BV megi dafna í góðu samstarfi við RML.

Ég þakka bændum, samstarfsfólki mínu hjá BV og stjórn BV fyrir ánægjulegt samstarf.
Guðmundur Sigurðsson

Skýrsla fráfarandi framkvæmdarstjóra

Í janúar fór ég í veikindaleyfi og í framhaldi af því í fæðingarorlof til 15. júlí. Þann tíma sem ég var frá störfum gegndu Helga Halldórssdóttir skrifstofustjóri og Guðný H. Jakobsdóttir formaður hlutverki framkvæmdarstjóra en ég var þeim innan handar eftir þörfum.

Í byrjun júlí sagði ég starfi mínu lausu en þá ákvað fjölskyldan að flytja á heimaslóðir mínar þar sem við erum sest að og orðnir sauðfjárbændur. Ég kom því til starfa um miðjan júlí og gekk frá þeim verkefnum sem biðu úrlausna áður en ég lét af störfum.

Starfandi framkvæmdarstjóri BV, Guðmundur Sigurðsson mun því greina frá þeim verkefnum sem Búnaðarsamtök Vesturlands hafa unnið að á árinu 2012.

Ég vil hins vegar nota tækifærið og þakka bændum á Vesturlandi og Vestfjörðum kærlega fyrir góða viðkyrningu og ánægjuleg samskipti á undanförunum árum. Það var gott að vinna á starfssvæði BV. Stjórnarmönnum BV og starfsmönnum BV þakka ég gott samstarf. Síðast en ekki síst þakka ég Guðnýju H. Jakobsdóttur formanni BV fyrir traust og gott samstarf í gegnum árin.

Gunnarsstaðir, 7. apríl 2013
Sigríður Jóhannesdóttir

Starfsskýrsla 2012 - Árni Brynjar Bragason

Árið 2012 var ég í rúmlega 89 % starfi.

Sauðfjárrækt

Í janúar var unnið í síðustu uppgjörum á afkvæmarannsóknnum fyrir haustið 2011 þegar sláturupplýsingar frá þeim búum lágu fyrir. Meiri partur afkvæmarannsókna var gerður upp fyrir júl 2011. Samtals var gerðar upp 46 rannsóknir fyrir haustið 2011 og styrkhæfir afkvæmahópar voru 526. Vann töflur og skrifaði dálítið efni í Smalann, ársrit sem Félag sauðfjárbænda í Borgarfirði gefur út. Fyrir það sama félag uppfærði ég einnig skýrslu um vanhöld lamba í sumarhögum hjá borgfirskum sauðfjárbændum.

Fór á samræmingarnámskeið í sauðfjárdómum sem haldið var á Selfossi/Stóra-Ármóti í lok ágúst. Frá miðjum september og fram undir lok október fólst vinna mín að langmestu leyti í mælingum og dómum á lömbum. Kom að mati á 7949 gimbur og 1375 lambhrútum. Oftast var beðið um tvo menn á bæjum þar sem ég kom að dómum og var Sigvaldi Jónsson langoftast á ómsjanni en einnig komu Torfi Bergsson, Birta Sigurðardóttir og Birna Tryggvadóttir þar við sögu. Var auk þess dómari á nokkrum hrútasýningum og dæmdi 191 veturgamlan hrút. Var loks dómari á héraðssýningu lambhrúta Dalasýslu ásamt Lárusi G. Birgissyni.

Eftir að lambadómum og sýningahaldi lauk tóku við uppgjör á afkvæmarannsóknnum. Samtals voru gerðar upp 48 styrkhæfar afkvæmarannsóknir og styrkhæfir afkvæmahópar voru 569. Auk þessa voru gerðar upp 4 minni rannsóknir sem ekki voru styrkhæfar. Þessari vinnu var nær lokið fyrir áramót.

Bróðurparturinn af vinnutímanum í desember fór í umsjón með pöntunum á hrútasæði fyrir sauðfjársæðingastöðina og síðustu vinnudagar ársins fóru að mestu í að skrá sauðfjársæðingar inn á Fjárnvís.is.

Tók áfram þátt í að útbúa efni í bók fyrir sauðfjárbændur í samstarfi við LbhÍ. Er þetta í tengslum við Evrópuverkefnið Sheepskills sem skólinn tekur þátt í og kemur bókin væntanlega út sumarið 2013.

Fyrir utan áður talið fór umtalsverður tími í að aðstoða sauðfjárbændur við skýrsluhald, koma nýjum aðilum af stað í því og fleira.

Búnaðarsamtök Vesturlands –Ársskýrsla

Annað

Kom talsvert að lögbundnum vorkoðunum vegna forðagæslu og heimsótti m.a. í þeim erindagjörðum nær alla búfjáreigendur í Dalasýslu nema hestamanna í Búðardal.

Kom lítilsháttar að leiðbeiningum í jarðrækt og matjurtarækt en þó heldur minna en verið hefur árin á undan.

Fór í fimm daga fræðsluferð til Suður-Englands í boði Sheepsskills verkefnisins um miðjan febrúar. Heimsóttum m.a. nokkur sauðfjárbú og var ferðin einkar fróðleg og skemmtileg.

Mætti á nokkra búnaðar- og sauðfjárræktarfélagafundi með innlegg um sauðfjárrækt eða jarðrækt. Þá sat ég ráðunautafund Bændasamtakanna og ráðstefnur sem haldnar voru fyrir ráðunauta og fleiri um sauðfjárrækt í mars og um jarðrækt í ágúst.

Ég þakka bændum á starfssvæðinu og samstarfsfólki hjá Búnaðarsamtökunum fyrir ánægjulegt samstarf þau ár sem ég starfaði á þessum ágæta vinnustað en ég hóf störf hjá nýjum vinnustað, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, 1. janúar 2013.

Árni Brynjar Bragason

Starfsskýrsla Friðriks Jónssonar fyrir árið 2012

Ég varði stærstum hluta af mínum vinnutíma í nautgriparæktina og störfum henni tengdri líkt og mörg undanfarandi ár. Það var farið tvisvar í kúaskoðun á meirihluta kúabúa svæðisins með þeirri undantekningu að mesturhluti Vestfjarðar var aðeins heimsóttur einu sinni. Í þeim heimsóknum eru dæmdar 1. kálfskvígur, skoðaðar nautsmæður og aðrar efnilegar kýr, þá gefst stundum tækifæri að ræða um nautgriparæktina við bændur. Með þessu móti er hægt að dæma gripina á meðan þeir eru enn í góðri nyt og einnig ná til fleiri gripa en ef heilt ár væri milli skoðanaferða. Aukin áhersla er lögð á nákvæmari upplýsingar um lengd mjaltatíma og skapferli tengt mjöltum og þannig er unnið að bættum mjöltum hjá kúastofninum.

Talsverður tími fer í að halda utan um nautsmæðalista og velja nautkálfa sem koma til greina á sæðingastöð. Aukið kynbótastarf hefur skilað sér í auknu framboði af nautkálfum til Nautastöðvarinnar og þar með auknu úrvali og meiri möguleikum til að verjast skyldleikarækt þó er það ljóst að betur má gera með meira skipulagi með nautavali á heildarstofninn.

Eftirlit og lagfæringar á mjólkurskýrslum og hjarðbókum eru tímafrek verkefni en þar skiptir aðalmáli að skil séu framkvæmt reglulega og er það á réttri leið.

Það voru haldnir nokkrir fundir um nautgriparækt í samstarfi við Bændasamtökin, annars vegar svo nefndir Myndafundir og svo fundir tengdir „frjósemisverkefninu“..

Á haustmánuðum fór talsverður tími í lambaval bæði á lambhrútum, gimbrum og auk þess einstaka hrútasýningum. Minni tími fór nú en á undanförunum árum í úttektir á þróunar- og jarðabótaverkefnum. Nokkur tími fór í almennt búfjárefirlit (forðagæslu) en aukin verkefni í sérstöku búfjárefirliti. Af öðrum störfum sem ég kom að má nefna ýmsar úttektir tengdum Framleiðnisjóði og Bjargráðasjóði. Þá vann ég talsvert við bændabókhald og framtalsgerð, kom að úttektum á búrekstrarskýrðum jarða, áburðaráætlunum, ræktunaráætlunum og skurðamælingum.

Ég sat tveggja daga samráðsfund ráðunauta í Bændahöllinni og tveggja daga fund um frjósemismál nautgriparæktar í Reykholti, auk þess sat ég ýmsa fundi sem tengjast nautgriparækt og jarðrækt. Ég var þátttakandi í fræðsluferð Félags héraðsráðunauta til Slóakíu og Tékklands.

Ég þakka bændum, stjórn og starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands samstarfið.

Starfsskýrsla Guðmundar Hallgrímssonar fyrir árið 2012

Vinna mín hjá BV var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Mestur tími fór í brunavarnarátakið og klaufskurðinn. Svo voru ýmis smáverkefni og afleysingar í nautgripasæðingum.

Brunavarnarátak BV

Brunavarnarátakið var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Verkefninu í Kjósarhrepp var lokið á árinu og möppunni skilað seinni hluta ársins, þá var mappan færð inn á disk, vegna þess að þar sér Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu um brunavarnir og þeir eru með tölvur í útköllum. Verkefninu í Hvalfjarðarsveit er að mestu lokið. Eftir er að ganga frá möppu og ýmsum smáatriðum. Í brunavarnarátakið fóru 378 klst á árinu

Klaufskurður

Klaufskurður var með sama hætti og undanfarin ár. Tvær ferðir voru farnar í Skagafjörð og Húnavatnssýslur. Klipptar voru klaufir á 3599 kúm á árinu 2012 á 109 bæjum. Að meðaltali voru snyrtar 33 kyr á bæ. Í klaufskurðinn, þrif á tækjum og tólum, milliferðir og viðhald fóru 1027 klst á árinu.

Annað

Í desember vann ég við sæðistöku á hrútasköðinni. Í það fóru 143 klst. Inni í þeim tíma er einnig flutningur á hrútum og rúningur. Í afleysingar í nautgripasæðingum fóru 138 klst. Í ýmislegt annað smálegt t.d. viðhald bíla og tiltektir fóru 238 klst.

Ég vil þakka samstarfsfólki BV, bændum og öðrum sem ég hef haft samvinnu við, gott og skemmtilegt samstarf.

Guðmundur Hallgrímsson.

Starfsskýrsla Helgu Halldórsdóttur fyrir árið 2012

Starfshlutfall mitt árið 2012 var tæp 80% fyrri hluta ársins en frá 1. júlí um 95%. Ég sá um bókhald Búnaðarsamtaka Vesturlands og fór langstærsti hluti vinnutíma míns í það. Umsjón með verkþókhaldi starfsmanna var í mínum höndum sem og innheimta vegna útseldrar þjónustu BV, innkaup á rekstrarvörum og samskipti við birgja. Ég hélt utan um gerð ársskýrslu fyrir aðalfund 2012 og hafði umsjón með félagatali. Þá sá ég um uppgjör ársreiknings með framkvæmdastjóra og endurskoðenda og gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra. Ég leysti Sigríði framkvæmdastjóra af í fæðingarorlofi 2012 frá febrúar fram í ágúst og leysti Guðmund framkvæmdastjóra af eins og þurfti eftir að hann tók við starfi í ágúst s.l. Ég sá um bókhald Bókhaldsþjónustu BV og innheimtur fyrir það fyrirtæki. Einnig sá ég um bókhald fyrir Húsfélagið að Hvanneyrargötu 3 en Húsfélagið sér um rekstur sameignar hússins

Dagleg samskipti við þá sem leita eftir þjónustu Búnaðarsamtaka Vesturlands var stór liður í mínu starfi, hvort sem var um að ræða símsvörun, erindi í gegnum tölvupóst eða heimsóknir á skrifstofuna. Ég kom aðeins að útgáfu fréttabréfs og ýmsu er viðkom tölvumálum BV.

Töluvert af mínum tíma fór í vinnu er sneri að bílamálum BV, bæði voru keyptir nýjrir bílar í byrjun árs og töluverður tími fór í að leysa úr málum vegna bilana eldri bíla ofl. Forðagæslumál

voru einnig tímafrek og á borð BV komu eins og oft áður ýmis mál sem leyst var úr í samstarfi við dýralækna og MAST. Sumarið var mjög umfangsmikið hvað varðaði kynbótasýningar á vegum BV. Ég aðstoðaði við undirbúning tveggja sýninga sumarið 2012 og starfaði við fyrri yfirlitssýninguna sem þulur. Aðstoð við gerð greiðslumarkssamninga og ýmis bréfaskrif fyrir bændur komu inná mitt borð í fjarveru framkvæmdastjóra. Í júní bauð BV starfsmönnum sínum uppá námskeið sem kallaðist **Árangursrík liðsheild** og var í umsjón Jóhanns Inga Gunnarssonar sálfræðings. Námskeiðið var haldið í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Skipulagning og umsjón með lambamælingum var í mínum verkahring síðasta haust og eins og áður gekk samstarf og samvinna við bændur og ráðunauta sérstaklega vel.

Ég hóf störf hjá BV á haustmánuðum 1998, fyrir 14 árum síðan, þegar skrifstofan var á Borgarbraut 61 í Borgarnesi og Guðmundur Sigurðsson var framkvæmdastjóri. Þar sem ég lét af störfum hjá BV um áramót 2012 og hóf störf hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þá er um tímamót að ræða fyrir mig þó starfsumhverfið sé að mörgu leyti líkt. Ég vil því nota tækifærið og þakka samstarfsfólki mínu í gegnum árin hjá BV og bændum, einstaklega gott og ánægjulegt samstarf. Stjórn BV þakka ég traustið sem mér hefur verið sýnt í mínum störfum og þann sveigjanleika sem ég fékk að hafa í starfi og hefur gert mér kleift að hafa frjálssar hendur í námi, félagsmálum og öðru sem ég hef sinnt með vinnu. Ég vil sérstaklega þakka Sigríði Jóhannesdóttur og Guðmundi Sigurðssyni gott samstarf fyrir og síðar og Guðnýju H. Jakobsdóttur stjórnarformanni BV fyrir gott og traust samstarf síðustu ár.

Að lokum óska ég stjórn, starfsfólki BV og bændum á starfssvæðinu alls góðs í framtíðinni.

Helga Halldórsdóttir

Starfsskýrsla Ingveldar H. Ingibergsdóttur fyrir árið 2012

Á skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands hef ég sinnt ýmsum störfum og eru helstu verkefni mín eftirtalin:

Nautgriparæktin

Skráningar í skýrsluhaldskerfið í nautgriparækt www.huppa.is og ýmis verkefni er tengjast nautgriparæktinni s.s skráningar á sæðingaskýrslum, ársuppgjör nautgriparæktarinnar og fleira.

Bókhaldsvinna

Á árinu kom ég talsvert að vinnu fyrir Bókhaldsþjónustu BV ehf. Þar hef ég unnið við bókhald fyrir bændur, séð um vsk uppgjör, launabókhald og framtalsgerð fyrir bændur. Viðskiptavinum hefur heldur fjölgað hjá Bókhaldsþjónustunni. Þá er einnig algengt að bændur leiti sér aðstoðar í dkBúbót gegnum síma.

Rekstraráætlanir

Ég hef séð um að vinna 5 ára rekstraráætlanir fyrir bændur. Annars vegar eru það áætlanir sem bændur þurfa til að semja við sínar lánastofnanir og hinsvegar 5 ára rekstraráætlanir fyrir bændur sem þurfa á nýrri lántöku að halda. Þessi vinna hefur alfarið verið í mínum höndum í samvinnu með framkvæmdastjóra BV. Þá hef ég aðstoðað bændur við lánsúmsóknir, ásamt því að halda utan um þau gögn sem berast.

Próunar-og jarðabætur

Þar hef ég haldið utanum skráningar á öllum umsóknum sem berast, skráð úttektir, haldið utan um skipulag úttekta og gengið frá töflum vegna uppgjörs jarðræktarinnar á svæði BV. Einnig hef ég séð um prentun og frágang á túnakortum.

Sauðfjarrækt og Hrossarækt

Ég starfaði á Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands í desember mánuði sem fyrr. Þá var ég starfsmaður BV á báðum kynbótasýningunum á Vesturlandi árið 2012 og sá um allar skráningar í Worldfeng í lok árs 2012.

Skrifstofa, símsvörun og fleira

Það fer stór hluti af minni vinnu í almenn skrifstofustörf, símsvörun og almenn samskipti við bændur.

Að lokum vil ég þakka bændum, samstarfsfólki og stjórn BV fyrir gott samstarf á árinu 2012.

Ingveldur H. Ingibergsdóttir

Starfsskýrsla Lenu Reiher fyrir árið 2012

Fóðuráætlanir og fódurráðgjöf

Á liðnu ári hef ég unnið fóðuráætlanir fyrir 5 kúabú með fódurmatskerfinu NorFor. Einnig hef ég veitt almenna fódurráðgjöf aðallega til kúabænda.

Nautgriparækt og kvíguskoðun

Á árinu 2012 kom ég að því að aðstoða bændur við skráningar í Huppu og hef veitt kúabændum bæði almenna og sérhæfða ráðgjöf við sinn búskap og rekstur. Að vori og hausti fór ég í kúaskoðunarferðir á starfssvæði BV. Dæmdar voru 1. kálfs kvígur, nautsmæður og efnilegar kýr skoðaðar og bændum gefið tækifæri til að ræða almennt um nautgriparækt.

Hrossarækt – héraðssýningar og skýrsluhald

BV hélt héraðssýningu kynbótahrossa á Mið-Fossum í Andakl í byrjun júní. Alls komu 355 hross í dóm, þar af fengu 310 hross fullnaðardóm. Á síðsumarsýningu í byrjun ágúst voru alls 56 hross dæmd, þar af 50 hross sem fengu fullnaðardóm. Ég vann við undirbúning fyrir sýningarnar og var sýningarstjóri á þeim báðum.

Ég hef séð um skráningu skýrsluhalds, örmerkinga og DNA-sýna í Worldfeng.

Búfjárefirlit

Ég hef fylgt héraðsdýralækni í búfjárefirlitsferðir á nokkrar bæi á liðnu ári, þar sem þörf var fyrir að meta velferð, ástand og aðbúnað dýra.

Ýmislegt

Í mars 2012 sat ég samráðsfund ráðunauta og einnig sat ég námskeið og fundi tengda nautgriparækt og hrossarækt. Í lok júní fór ég á tveggja daga ráðstefnu um fóðrun í Uppsala í Svíþjóð.

Ég fór í fæðingarorlof 20. Nóvember 2012.

Ég þakka samstarfsfólki og bændum á starfssvæði Búnaðarsamtakanna fyrir samstarfið.

Lena Reiher

Starfsskýrsla Lárusar G. Birgissonar fyrir árið 2012

Síðasta starfsár var um flest líkt mörgum þar á undan, þ.e. fyrst og fremst helgað sauðfjárræktinni. Stærstu verkþættirnir voru eftirfarandi:

Í upphafi árs fer alltaf drjúgur tími í samantekt vegna innheimtu sauðfjársæðinga sem og frágangur á sæðingastöð. Í kjölfarið fylgja leiðbeiningar vegna skila á sauðfjárskýrsluhaldinu, pöntun merkja og skoðun gagna vegna vals á nýjum hrútum inn á sæðingastöðvarnar.

Hrútavalinu hafa síðan fylgt ferðalög víða um land bæði til skoðunar á hrútum og síðar til flutninga er kemur fram á sumar.

Úrvinnsla gagna og framsetning skýrsla m.a. í ársrit tekur alltaf töluverðan tíma og nokkuð er um að sækja þurfi ýmsa fundi sem haldnir eru á hallandi vetri.

Aftur kemur að vinnu vegna sauðfjárskýrsluhalds beggja vegna sumarorlofs sem og undirbúningur og skipulagsvinna fyrir hauststörf.

Í lok ágúst var farin náms- og kynnisferð erlendis.

September og október eru alltaf undirlagðir af vinnu við sauðfjárdóma og enn eykst þátttaka bænda í því starfi enda árangur þess augljós. Strax í framhaldinu hefst vinna við undirbúning sauðfjársæðinga með hrútaskrá, fundum, skipulagningu, standsetningu hrútasköðvarinnar og flutningi á hrútum.

Desember, fram að jólum er síðan fjörmikill hjá hrútum stöðvarinnar og í nógu að snúast hjá starfsfólki hennar m.a. undirrituðum. Enn einu sinni var sett met í fjölda sæddra áa frá stöðinni í desember og ánægjulegt að verða vitni að síauknum áhuga sauðfjárnænda á þessum þætti kynbótastarfsins.

Fleiri störf voru unnin samhliða því sem að framan er tilgreint m.a. eftirfarandi: Ýmsar aðrar faglegar leiðbeiningar vegna sauðfjárræktar. Gæðastýringu og búfjárefirliti sinnt.

Á hrútasköð var heilsugæslu sinnt sem og viðhaldi, skítmokstri, girðingavinnu o.fl. Dagleg fóðrun og hirðing á hrútasköð var unnin í aukastarfi eins og undanfarin ár.

Almenn samtöl á skrifstofu sem og símtöl hverskonar taka alltaf töluverðan tíma. Skrifað var í fréttabréf, skráðar vinnuskýrslur, ýmsum tölvumálum sinnt sem og bílamálum. Ekki má gleyma þeim tíma sem fer í milliferðir, en á stóru starfssvæði fer mikill tími í þær.

Á komandi vori eru liðin 20 ár síðan ég hóf störf sem ráðunautur og hef því upplifað þrjár breytingar á starfsumhverfinu, nú síðast með tilkomu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem er núverandi vinnuveitandi minn.

Eins og hjá BV, þá verður starfsvettvangur minn hjá RML áfram í sauðfjárrækt. Ég þakka starfsmönnum og stjórnarmönnum BV fyrir samstarfið á liðnum árum, ásamt bændum og öðrum sem ég hef haft samskipti við í mínu starfi hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands.

Lárus G. Birgisson

Starfsskýrsla Oddnýjar Kristínar Guðmundsdóttur árið 2012

Á árinu 2012 starfaði ég hjá BV í 60% starfi.

Almenn skrifstofustörf og útgáfa fréttabréfs eru störf sem ég sinnti á árinu sem og eitt og annað sem mér var úthlutað hverju sinni.

Ýmis konar skráningarvinnu sinnti ég, til dæmis skráningum á lambamælinum í fjárvís.is, skráningu á kúaskoðunum í huppa.is, skráningu forðagæslu og fleira.

Ég hef sinnt vinnu tengdri heimasíðu BV og tölvumálum sem og séð um að halda utan um það kynningarefni sem hefur verið gefið út.

Um áramótin lauk störfum mínum hjá BV og við tók nýtt starf hjá nýstofnaðri Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Ég vil þakka samstarfsfólki, stjórn og bændum á Vesturlandi fyrir gott samstarf í gegnum tíðina sem og öðrum sem ég haft samskipti við í mínu starfi.

Oddný Kristín Guðmundsdóttir.

Starfsskýrsla Sigurðar Jarlssonar fyrir árið 2012

Eins og fram kom í starfsskýrslu minni fyrir árið 2011 þá hætti ég í fullu starfi hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands en var í stað þess fastráðin í hálfu starf og síðan lausráðinn í verkefnatengd störf eftir þörfum. Staða mín árið 2012 var óbreytt og var ég með um 80 % starfshlutfall. Eins og áður er aðalstarfssvið mitt jarðrækt og verkefni tengd jarðrækt. Lítið var um jarðvegsýnatöku í haust og sáu aðrir um töku sýna að þessu sinni en ég sá sem áður um túlkun og útsendingu á niðurstöðum.

Túnakortagerð og jörð.is

Sem fyrr sá ég um túnakortagerð Búnaðarsamtaka Vesturlands. Á árinu voru teiknuð túnakort fyrir 36 jarðir og því höfum við hjá BV teiknað inn túnakort af tæplega 180 jörðum frá árinu 2008, þar meðtalið eru lagfæringar og breytingar á eldri kortum. Svo sem fram hefur komið áður er kosturinn við þessa nýju túnakortagerð sá að túnakortið verður ávallt til staðar á netinu í gagnabanka B.Í. og hafa viðkomandi bændur nú aðgang að þessum kortum á netinu í gegnum jörð.is

Fyrir utan þessar tæplega 180 jarðir sem við höfum teiknað er búið að taka þau túnakort sem teiknuð voru fyrir bændur á starfsvæði okkar af öðrum á síðustu árum og varpa þeim inn í grunnin og eru því nú tiltæk á netinu kort af rúmlega 200 jörðum.

Ég kom ekki að neinum námskeiðum í forritinu jörð.is á liðnu ári en árið þar áður voru haldin ein 9 námskeið með um 70 þátttakendum, ég kom þó aðeins að tveimur stuttum námskeiðum í jörð.is í haust samkvæmt beiðni nokkurra bænda í Dölum.

Þá vann ég áburðaráætlanir fyrir 40-50 bændur á jörð.is auk þess að aðstoða allnokkra sem unnu sína áætlun sjálfir.

Úttektir

Enginn breyting var á úttektum samkvæmt búnaðarlögum á milli ára, sá ég að mestu um úttektir bæði á Vestfjörðum og Vesturlandi. Þá kom ég aðeins að úttektum vegna Framleiðnisjóðsumsóknna.

Ýmis önnur störf

Eins og oft hefur komið fram áður þá sinni ég samhliða þessum verkum ýmsum hefðbundnum störfum á skrifstofu, bæði á Ísafirði og á Hvanneyri þegar ég er þar. Ýmis smærri verk eru einnig unnin heima hjá bændum þegar ég hef átt leið um. Eins og oft áður þá kom ég aðeins að skattalegu uppgjöri vegna kaupa eða sölu jarða og greiðslumarks en sú vinna fer þó sífellt minnkandi. Segja má að ríflega helmingur starfs míns hafi farið í jarðrækt en tæpur helmingur í ýmsa aðra vinnu svo sem hagsmunagæslu, leiðbeiningar í síma eða tölvusamskipti, fundi, umsóknir, milliferði og margt fleira.

Ég sat árlegan ráðunautafund og þá sat ég sem fyrr ýmis námskeið og fundi.

Um áramótin hóf ég störf hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og því mun þetta vera síðasta starfsskýrsla mín eftir 38 ára starf sem ráðunautur, fyrst hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða og síðan hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki og stjórnarmönnum Búnaðarsamtakanna fyrir samstarfið undanfarin ár sem og öllum bændum og öðrum þeim sem ég hef haft samskipti við á liðnum árum.

Starfsskýrsla Torfa Bergssonar fyrir árið 2012

Bókhaldsþjónusta BV

Svipaður tími fór í bókhaldsvinnu á árinu og sl. ár. Þó er heldur aukning í framtalsgerðum og einnig uppgjöri á virðisaukaskatti fyrir bændur, símaleiðbeiningar eru einnig alltaf töluverðar í kringum vsk uppgjör og framtalsgerð.

Sauðfjárrækt

Ýmsar lagfæringar og skráningar í Fjávís taka töluverðan tíma og kom ég talsvert að því. Ég vann að lambamælingum á sl. hausti og í desember vann ég á sauðfjársæðingastöðinni.

Búfjárefirlit

Ég hafði umsjón með búfjárefirliti á vegum BV og er töluverð vinna fólgin í því, að fara yfir haustskýrslur og skrá þær inn í bustofn.is, skrá vorsköðunarskýrslur og ýmsar breytingar á búfjáreigendum sem þarf að senda inn til skráningar. Eitt sveitarfélag bættist við á árinu þ.e. Vesturbyggð. Starfsvæðið sem við sinnum nú er Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Dalabyggð, Reykhólasveit og Vesturbyggð. Auk mín unnu að búfjárefirlitinu, Guðrún Fjeldsteð, Kristín Gunnarsdóttir, Daníel Ottesen, Brynjar Hildibrandsson, Árni Bragason, Lárus Birgisson og Friðrik Jónsson.

Annað

Ýmsu öðru sinnti ég á árinu, s.s. að reyna að sjá um að bílar Búnaðarsamtakanna séu í lagi, fara með þá í viðgerð o.fl. Ég sat aðalfund Búnaðarsambands Vestfjarða eins og áður og sá um tölvusetningu fundargerðar, sat Ráðunautafund BÍ og einhverja fleiri fundi sat ég vegna starfsins.

Ég vil þakka starfsmönnum og stjórnarmönnum Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir samstarfið á árinu ásamt bændum og öðrum þeim sem ég hef á einn eða annan hátt haft samskipti við í mínu starfi.

Torfi Bergsson

Töflur og niðurstöður

1. Hæst stiguðu lambhrútarnir á starfssvæði BV frá Suðunesjum til Vestfjarða haustið 2012
2. Afurðahæstu búin á starfssvæði BV frá Suðurnesjum til Vestfjarða 2012
3. Kjötmat á starfssvæði BV frá Suðurnesjum til Vestfjarða 2012
4. Sauðfjársæðingar - sæddar ær 2012 og samanburður milli ára
5. Skýrsluhaldsbú á svæði BV með meðalnyt yfir 4000 kg pr. árskú árið 2012
6. Kyr sem mjólkkuðu yfir 8000 kg á svæði BV árið 2012
7. Nautgripærækt – Uppgjör á svæði BV 2012
